

**Ed.**

**876. Frumvarp**

til laga um þingfararkaup alþingismanna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 12 kr. þóknun daglega bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og þann tíma, sem fer til ferða að heiman til þings og heim af þingi.

2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgoldinn eftir reikningi.

Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar þingsins ávisa upphæðunum.

3. gr.

Auk hinnar daglegu þóknunar fá alþingismenn samskonar uppbót á henni eins og embættismenn landsins fá á launum sínum samkvæmt launalögum.

4. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr rikissjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót sú, er um getur í 3. gr., greiðast frá 1. júlí 1919 af núverandi kaupum, og ferðakostnaður alþingismanna 1919 eftir ákvæðum 2. gr.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númerin lög nr. 10, 22. okt. 1912, um þingfararkaup alþingismanna.